*Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 8. ágúst 2017 - R17080004*

| ***Málsnr.*** | ***Erindi:*** | ***Afgreiðsla:*** |
|---|---|---|
| | ***Fundargerðir:*** | |
| | | |
| | | |
| | ***Annað:*** | |
| R14120075 | Erindi mennta- og menningarmálaráðuneytisins um eftirfylgni með úttekt á leikskólanum Reynisholt. | Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. |
| R17070090 | Erindi A. S. Shoveller, dags. 20. 7. 2017, um að Reykjavík hætti að dæla skólpi í sjó. | Sent heilbrigðiseftirliti til meðferðar. |
| R17070104 | Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 20. júlí 2017 um aukið umferðaröryggi um Starhaga | Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar. |
| R17070103 | Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðgerðir á steinsteyptum tröppum sem tengja Seljahverfi við Seljaskóla | Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar |
| R17070101 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um heildaryfirlit yfir yfir styrki Reykjavíkurborgar frá 1. jánúar 2015. | Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar. |
| R17070105 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð við ábendingum Heilbrigðiseftirlitsins | Sent umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu sviðsstjóra til umsagnar. |
| R17070106 | Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um þarfagreiningu á hugbúnaði heilbrigðisnefndar. | Sent skrifstofu þjónustu og reksturs til umsagnar |
| R17070107 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um ábyrgð borgarstjóra á Orkuveitu Reykjavíkur, Veitum og heilbrigðisnefnd | Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar. |
| R17070108 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um sýnistöku við Faxaskjól 20. júní til 5. júlí | Sent heilbrigðiseftirliti og Veitum til umsagnar |
| R17070110 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvort Bjarnarkló finnist á leik- og útivistarsvæðum. | Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar |
| R17070111 | Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástand leikskólabygginga og forgangsröðun viðgerða | Sent skóla- og frístundasviði og umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar. |
| R17070048 | Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um endurskoðun á byggingaframkvæmdum á Landsímareit | Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar |
| R11060102 | Umsögn skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, dags. 24.7.2017, um verkefnislýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Kópavogsgangna. | Sent borgarfulltrúum og umhverfis- og skipulagssviði til kynningar. |
| R11060102 | Umsögn skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, dags. 24.7.2017, um verkefnislýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Gufuness | Sent borgarfulltrúum og umhverfis- og skipulagssviði til kynningar. |
| R17070114 | Drög að reglugerðum um fjármál sveitarfélaga | Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar |
| | | |

Málsnr.: K14120075
Skjalasafn Ráðhúss
13. júlí 2017
Bréfalykill: 430

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 11. júlí 2017
Tilv.: MMR15011384/6.14.1-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Reynisholt

Vísað er til fyrri bréfasamskipta vegna úttektar á Leikskólanum Reynisholt.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti óskaði í bréfi, dags. 6. september 2016, eftir staðfestingu skólastjóra og sveitarfélags á því að vinnu samkvæmt umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans væri lokið ásamt upplýsingum um hvernig staðið hefur verið að endurbótum á lóð leikskólans í samræmi við umbótaáætlun. Einnig var óskað eftir mati sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar.

Skólastjóri Leikskólans Reynisholt óskaði með bréfi, dags. 27. september 2016, eftir fresti til að skila staðfestingu þar sem fram kom að framkvæmdum á lóð skólans samkvæmt umbótaáætlun var ekki lokið.

Staðfesting skólastjóra Leikskólans Reynisholt á að umbótum samkvæmt umbótaáætlun er lokið hefur nú borist ráðuneytinu dags. 22. júní 2017. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar.

Ráðuneytið væntir þess að staðfesting Reykjavíkurborgar á að umbótum sé lokið ásamt mati borgarstjórnar á því hvernig borginni og Leikskólanum Reynisholt hefur tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar berist því fyrir 1. september 2017.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og foreldraráð Leikskólans Reynisholts og skólanefnd Reykjavíkurborgar

*For the immediate attention of the Chairperson and the Management Committee*
Veitur O.hf.
Bæjarháls 1
110 Reykjavík.

Málsnr: R17070090
Skjalasafn Ráðhúss
21. júlí 2017
Bréfalykill: 2450

20th July 2017

Dear Sirs,

**Re: The Discontinuation of the Icelandic National Policy of the Pumping of "Black Waste Water" into its coastal waters.**

Your company continues the maintenance of the pumping systems that pumps the "raw sewage" of Reykjavik, approx.2.kms. out to sea, into the Faxafloi Bay. This must cease immediately.

Alternative guidelines have been available to you in the practice of compliance with the EU **Urban Waste Water Treatment Directive.**

The Tourist Media has called both the Island and the whole capital region "Green " this is a lie. Reykjavik has no "Black Waste Water Treatment", you might be exposed as cheap hypocrites, holding out, with archaic planning methods, badly designed, high maintenance infrastructural systems.
The excrement is so valuable that it would pay for the plant as "Agricultural Fertiliser".

A totally new technology is required, not repairs.

With my gravest reservations on your competence,
God bless global warming,

A. S.Shoveller

pp. Reykjavik City Council,
OR,
ON,
The Health Inspectorate of Reykjavik

***BORGARRÁÐ 20.7.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið umferðaröryggi við Starhaga - R17070104***

Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að auka umferðaröryggi við Starhaga og stemma stigu við hraðakstri um götuna.

***BORGARRÁÐ 20.7.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á steinsteyptum tröppum við Seljaskóla - R17070103***

Lagt er til að ráðist verði í viðgerðir og endurbætur á steinsteyptum tröppum sem tengja íbúabyggð í austanverðu Seljahverfi við Seljaskóla. Umræddar tröppur eru fyrir neðan Hnjúkasel og Kambasel og er hluti þeirra svo illa farinn að hættu getur stafað af.

***BORGARRÁÐ 20.7.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um styrkveitingar Reykjavíkurborgar frá 1. janúar 2015-1. ágúst 2017 - R17070101***

Óskað er eftir heildaryfirliti á öllum styrkjum sem Reykjavíkurborg hefur veitt frá og með 1. janúar 2015. Í yfirlitinu er óskað eftir að þeir verði sundurliðaðir eftir a) árum, 2015, 2016 og það sem af er árs 2017, þ.e.a.s til 1. ágúst 2017, b) sviðum/ráðum sem veitt hafa styrkina c) fjárhæð og d) hvort að um félag/samtök/einstakling sé að ræða. Þá óskum við eftir yfirliti yfir samstarfssamninga sem Reykjavíkurborg hefur gert sundurgreint eins og a-d hér að ofan ásamt því að sett sé fram tímabil samstarfssamningsins, hvenær hann hófst og hvenær honum lauk eða lýkur. Hvað varðar samstarfssamninga þá skal sérstaklega getið um samstarfssamninga sem voru í gangi við upphaf kjörtímabilsins frá og með 16. júní 2014

***BORGARRÁÐ 20.7.2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð við ábendingar Heilbrigðiseftirlitsins - R17070105***

Óskað er eftir að tekið verði saman í heildaryfirlit þær ábendingar, tillögur, kynningar sem heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur sent frá sér eða bent á í umhverfis- og skipulagsráði, eða beint til borgarráðs og borgarstjórnar og hvernig meðhöndlunin hefur verið á þeim ábendingum, tillögum og kynningum. Miðað skal við tímabilið frá 16. júní 2014, eða upphafi kjörtímabilsins.

***BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um þarfagreiningu á hugbúnaði heilbrigðisnefndar - R17070106***

Tillaga Framsóknar og flugvallarvina um að gerð verði þarfagreining á hugbúnaði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þannig að sem best og skilvirkast verði að halda upplýsingum og tilkynningum  til haga svo að nýtist best sem stjórntæki. Í framhaldinu verði lagðar fram tillögur um hvernig og hagkvæmast sé að bregðast við þörfinni og það sett inn í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018.

***BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um ábyrgð borgarstjóra á Orkuveitu Reykjavíkur, Veitum, og heilbrigðisnefnd - R17070107***

Í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem gerð var 2013 kemur ítrekað fram að borgarstjóri sé æðsti embættismaður borgarinnar. Ein af stjórnsýslustofnunum Reykjavíkurborgar er heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Í eigendastefnu OR kemur m.a. fram að með skýrri eigendastefnu sé leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðun um mikilvæg málefni og stefnu og þannig eigi eigendastefnan að að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins. Óskað er eftir áliti borgarlögmanns og innri endurskoðanda á því hvort að a) eigendastefna OR firri borgarstjóra að einhverju leyti ábyrgð sína á vanrækslu og því tjóni sem bilun í skolpdælistöðunni við Faxaskjól hefur valdið, b) hefur það áhrif að Veitur er dótturfélag OR og c) ber borgarstjóri ekki ábyrgð á heilbrigðisnefnd Reykjavíkur?

***BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um sýnistöku við Faxaskjól 20. júní til 5. júlí - R17070108***

1. Af hverju voru engin sýni tekin á tímabilinu 20. júní til 5. júlí meðan skólp rann út í sjóinn vegna bilunar í neyðarlúgu skólphreinsistöðvarinnar við Faxaskjól? 2. Af hverju var ekkert tilkynnt um bilunina, var það vegna þess að þetta var ekki vaktað og engin sýni tekin á tímabilinu 20. júní til 5. júlí eða var ástæðan önnur og þá hver? 3. Af hverju er nú fyrst eins og fram kemur í minnisblaðinu að Veitur átta sig á því að legurnar sem settar voru í fyrir 3 árum voru ekki ryðfríar og voru ónýtar og tærðar í burtu? Hvernig var eftirliti og viðhaldi háttað? Hafa orðið breytingar á eftirliti og viðhaldi á síðustu 10 árum? 4. Komið hefur fram að borgarstjóri vissi ekkert um bilunina og heyrði af henni í fjölmiðlum 5. júlí sl. Af hverju vissi borgarstjóri sem æðsti embættismaður borgarinnar ekki um bilunina? 5. Voru lög um upplýsingarétt um umhverfismál brotin og upplýsingastefna borgarinnar þar með? 6. Hvernig er samvinnu borgarinnar og sóttvarnarlæknis háttað og er ekki ástæða til að bæta þau samskipti og upplýsingagjöf af hálfu borgarinnar? 7. Hvernig verður skólpfrárennsli og sótthreinsun á vatnsúrgangi háttað frá nýjum Landspítala við Hringbraut og hafa farið fram viðræður við sóttvarnarlækni um það?

***BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvort Bjarnarkló finnist í leik- og útivistarsvæðum - R17070110***

Óskað er upplýsinga um hvort vart hafi verið við að Bjarnarkló hafi stungið niður rótum á leiksvæðum og útivistarsvæðum borgarinnar og ef svo er til hvaða aðgerða hefur verið brugðist? Ljóst er að snerting við þessa tegund hvannar getur valdið verulegum skaða og bruna á húð og því mikilvægt að gera sér grein fyrir umfangi hennar á opnum svæðum. R17070110

***BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástand leikskólabygginga og forgangsröðun viðgerða - R17070111***

Ástand leikskólabygginga í borginni er víða afar slæmt og þarfnast mikils viðhalds og endurbóta. Óskað er eftir skriflegu svari um ásigkomulag þeirra og viðhaldsþörf. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um hvernig viðhaldi og endurbótum verði forgangsraðað.

***BORGARRÁÐ 20.7.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina varðandi framkvæmdir á Landsímareit - R17070048***

Lagt er til að í ljósi fornleifafunda við Landsímahúsið verði áform um framkvæmdir á reitnum endurskoðuð. Horfið verði frá því að reisa fyrirhugað stórhýsi í hinum forna Víkurgarði, elsta kirkjugarði Reykjavíkur, enda hefur nú komið í ljós að byggingarreiturinn nær inn í kirkjugarðinn. Þess í stað verði leitast við að forðast menningarlegt tjón, jafnvel stórslys, með því að vernda hinn forna kirkjugarð og þær fornleifar sem þar er að finna. Í garðinum verði jafnframt sett upp minningarmörk um hina framliðnu ásamt söguskilti og með því verði almenningi gefinn kostur á að skynja við útivist í garðinum hina miklu helgi og sögu sem þessi staður, réttnefndur nafli Reykjavíkur, geymir. Leitast verði við að gera nauðsynlegar breytingar í þessu skyni í samráði og sátt við þann aðila, sem hyggur á uppbyggingu á reitnum samkvæmt núgildandi skipulagi.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Málsnr.: R110601O2
Skjalasafn Ráðhúss
25. júlí 2017
Bréfalykill: 66/0

Reykjavíkurborg

**Ráðhúsinu**
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 24.07.2017
erindi nr. *201706187*/19.2 *ÓM*

**Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar**

Á 441. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 21. júli 2017, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

> **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Kópavogsgöng**
>
> **Lagt fram. Ekki er gerð athugasemd við erindið. Skipulagsnefnd bendir þó á að mikilvægt sé að hugað verði sérstaklega að heildstæðri skoðun á samgöngumátum á höfuðborgarsvæðinu.**

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar

Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

Málsnr: R110601 02
Skjalasafn Ráðhúss
25. júlí 2017
Bréfalykill: 661

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 24.07.2017
erindi nr. *201707138*/19.2 *ÓM*

**Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar**

Á 441. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 21. júli 2017, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Gufunes**

**Lagt fram. Ekki er gerð athugasemd við erindið.**

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar

Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

**Drög að reglugerðum um fjármál sveitarfélaga til umsagnar**

**Bréf: t-póstur**
Málsnúmer: R17070114
Bréfalyklar: 175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni
Eigandi skjals: Fany Larota Catunta
Staða: Í vinnslu
**Dagsetningar:**
Búið til: 21.07.2017
Dagsetning skjals: 21.07.2017

**Upplýsingar um viðskiptavin:**
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Bryndís Bjarnadóttir
Sölvhólsgötu 7
101 REYKJAVÍK
Netfang: byndis.bjarnadottir@srn.is
Sími: 545 9000
Fax: 552 7430

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skjalalykill | 175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni | Málsnúmer | R17070114 |
| | | Skráð í GoPro | 21.07.2017 |
| Móttökudags. | 21.07.2017 | | |

| Viðtakandi | | Sendandi | |
|---|---|---|---|
| Deild (Ráðhúss) | | Fyrirtæki/stofnun | Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið |
| Starfsmaður | | Nafn | Bryndís Bjarnadóttir |
| | | Kennitala: | |

| | | |
|---|---|---|
| Tegund skjals | t-póstur | Fyrir Borgarráð |
| Efnisorð | | |

Sent: Sent til:

Notandi: "Upplýsingar - Pósthólf Símaver" <upplysingar@reykjavik.is>
Dagsetning: 21.7.2017 08:24:39
Til: "Ráðhús skjalasafn" <radhus@reykjavik.is>
Efni: FS: Drög að reglugerðum um fjármál sveitarfélaga til umsagnar
---

**From:** Bryndís Bjarnadóttir [mailto:byndis.bjarnadottir@srn.is]
**Sent:** 20. júlí 2017 15:51
**To:** Upplýsingar - Pósthólf Símaver; isadalsteinn@vestfirdir.is; bjarni@sudurland.is; bjorn@ssnv.is; eything@eything.is; pall@ssh.is; ssa@ssa.is; sss@sss.is; pall@ssv.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; oddviti@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; grindavik@grindavik.is; sandgerdi@sandgerdi.is; gardur@svgardur.is; skrifstofa@vogar.is; akranes@akranes.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; hilmarha@simnet.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; snb@snb.is; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@reykholar.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; skrifstofa@hunathing.is; arnar@blonduos.is;

skagastrond@skagastrond.is; hafnir@simnet.is; hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is; dalla@kirkjan.is; akureyri@akureyri.is; nordurthing@nordurthing.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvik@dalvik.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; sveitarstjori@myv.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; svalbardshreppur@svalbardshreppur.is; sveitarstjori@langanesbyggd.is; sfk@sfk.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; borg@eldhorn.is; hreppur@breiddalur.is; djupivogur@djupivogur.is; egilsstadir@egilsstadir.is; radhus@hornafjordur.is; postur@vestmannaeyjar.is; radhus@arborg.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hruni@fludir.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is; samband@samband.is; pwc.reykjavik@pwc.is; kpmg@kpmg.is; cpa@cpa.is; ath@sb.is
**Subject:** Drög að reglugerðum um fjármál sveitarfélaga til umsagnar

Sæl,

Við í Samgöngumálaráðuneytinu viljum benda á að nú er hægt að senda inn umsögn til ráðuneytisins um drögin að breytingum á reglugerðum er varða fjármál sveitarfélaga: Annars vegar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og hins vegar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Breytingarnar koma í kjölfar breytingum sem gerðar voru á lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á sl. ári, sbr. lög nr. 127/2016. Eru þær afrakstur samvinnu ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnt er að senda ráðuneytinu umsagnir um drögin til og með 4. ágúst næstkomandi og skulu þær berast á netfangið postur@srn.is.
Hér fyglir með frétt um málið og málið sjálft ef þið viljið kynna ykkur frekar.

Kveðja,
Bryndís

https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/07/20/Drog-ad-reglugerdum-um-fjarmal-sveitarfelaga-til-umsagnar/
Link